

Afgreiðslufundur

Árið 2025, miðvikudaginn 27. ágúst kl. 09:00 var haldinn 1854. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Anna Jóhannesdóttir, Sesselja María Sveinsdóttir og Óskar Ísfeld Sigurðsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, Velferðarsviðs, kt. 530269-7609, dags. 17. júlí 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; mötuneyti ásamt framleiðslu og dreifingu tilbúinna rétta (Mötuneyti aldraðra Vítorg) að Lindargötu 59, F2216769, rými 050202. Tímabundið leyfi til 9 mánaða.
Samþykkt að veita starfsleyfi tímabundið til 27. maí 2026 með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
2. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, Velferðarsviðs, kt. 530269-7609, um skráningu á veitingastað (Mötuneyti aldraðra Vítorg) að Lindargötu 59, F2217069. Ný skráning.
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir veitingastaði*.

Fundi slitið kl. 09:30

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Anna Jóhannesdóttir

Sesselja María Sveinsdóttir